

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2010/EES/51/01		Dómur dómstólsins frá 1. desember 2009 í máli E-3/09 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	1
2010/EES/51/02		Dómur dómstólsins frá 1. desember 2009 í máli E-5/09 Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu	2
2010/EES/51/03		Dómur dómstólsins frá 1. desember 2009 í máli E-7/09 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	3
2010/EES/51/04		Kæra Swisscom RE Aktiengesellschaft á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. júlí 2010 (Mál E-7/10)	4
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/51/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5919 – Apollo/Alcan) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2010/EES/51/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5948 – Banco Santander/Rainbow)	6

2010/EES/51/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5965 – Brookfield/Prime) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2010/EES/51/08	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Frakkland).	8
2010/EES/51/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Portúgal)	8
2010/EES/51/10	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Portúgal)	9
2010/EES/51/11	Auglýst eftir tillögum – EACEA/20/2010 – MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Stuðningur við útsendingar á evrópskum hljóð- og myndverkum í sjónvarpi	10

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2010/EES/51/01

frá 1. desember 2009

í máli E-3/09

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB)

Hinn 1. desember 2009 felldi dómstóllinn dóm í máli E-3/09, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur, m.a., í lið 7b í IX. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 64. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramenn Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson (framsögumaður) og Henrik Bull. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm::

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hefur Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 64. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Furstadæmið Liechtenstein greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2010/EES/51/02****frá 1. desember 2009****í máli E-5/09****Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu**

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB)

Hinn 1. desember 2009 felldi dómstóllinn dóm í máli E-5/09, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur, m.a., í lið 7b í IX. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 64. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramenn Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hefur íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 64. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkið greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2010/EES/51/03****frá 1. desember 2009****í máli E-7/09****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein**

(Vanefndir sammingsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri)

Hinn 1. desember 2009 felldi dómstóllinn dóm í máli E-7/09, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur í lið 10e í XXII. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 19. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-sammingsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hefur Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 19. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-sammingsins.
2. Furstadæmið Liechtenstein greiði málskostnað.

Kæra Swisscom RE Aktiengesellschaft á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. júlí 2010 **2010/EES/51/04**

(Mál E-7/10)

Hinn 9. júlí 2010 lagði Swisscom RE Aktiengesellschaft fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari er Dr. Michael Sánchez Rydelski, lögmaður Swisscom RE Aktiengesellschaft, Kirchstrasse 12, FI-9490 Vaduz, Liechtenstein.

Kröfur Swisscom RE Aktiengesellschaft eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi ógilda ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 97/10/COL frá 24. mars 2010 um skattlagningu eigin tryggingafélaga fyrirtækja samkvæmt skattalögum Liechtensteins.
2. Til vara lýsi dómstóllinn ógilda 3. og 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 97/10/COL frá 24. mars 2010 að því marki sem þar eru gefin fyrir máli um endurheimt aðstoðarinnar sem um getur í 1. gr. sömu ákvörðunar;

og

3. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Sóknaraðili, Swisscom RE Aktiengesellschaft, sem er dótturfélag í einkaeigu Swisscom AG, hefur stundað starfsemi á sviði eigin endurtrygginga fyrirtækja í Liechtenstein fyrir Swisscom Group frá stofnun þess árið 1997.
- Sóknaraðili heldur því fram að Eftirlitsstofnun EFTA hafi beitt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins á rangan hátt. Skattaráðstafanir í Liechtenstein feli ekki í sér ríkisaðstoð af því að eigin tryggingafélög fyrirtækja teljist ekki vera fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Enn fremur geti þessar ráðstafanir ekki talist til sértækra ráðstafana samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- Sóknaraðili staðhæfir enn fremur að:
 - komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að skattaráðstafanir í Liechtenstein feli í sér ríkisaðstoð, hafi Eftirlitsstofnun EFTA haft rangt fyrir sér þegar hún fyrirskipaði endurheimt á meintri aðstoð frá 6. nóvember 2001 að telja; og
 - Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki lagt fram viðhlítandi rökstuðning um mikilvæg atriði í mati sínu, eins og kveðið sé á um í 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2010/EES/51/05

(mál COMP/M.5919 – Apollo/Alcan)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. september 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Apollo Group („Apollo“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í álvinnslu breska fyrirtækisins Alcan Engineered Products („Alcan“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Apollo: fjárfestingar í eignasöfnum
 - Alcan: framleiðsla og sala á völsuðum og þrýstímótuðum áleiningum og tengdum vörum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 257, 24. september 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5919 – Apollo/Alcan, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.5948 – Banco Santander/Rainbow)**

2010/EES/51/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. september 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Banco Santander S.A. („Banco Santander“) öðlast með kaupum á eignum yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hlutum breska fyrirtækisins The Royal Bank of Scotland Group („Rainbow“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Banco Santander: móðurfélag alþjóðlegrar samsteypu banka og fjármálafyrirtækja sem starfa í Bretlandi, á Spáni og í nokkrum öðrum Evrópulöndum, svo og í Rómönsku Ameríku
 - Rainbow : almenn viðskiptabankastarfsemi og bankaþjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og aðra viðskiptavini í hópi fyrirtækja í Bretlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 254, 22. september 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5948 – Banco Santander/Rainbow, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.5965 – Brookfield/Prime)**

2010/EES/51/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. september 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Brookfield Asset Management Inc. („Brookfield“) öðlast með verðbréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ástralska fyrirtækinu Prime Infrastructure Group („Prime“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Brookfield: fjárfestingar í fasteignum, endurnýjanlegri orku og grunnvirkjum
 - Prime: stjórnun alþjóðlegs safns eigna í grunnvirkjum, einkum í dreifingu og flutningi á orku og í flutningastarfsemi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 254, 22. september 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5965 – Brookfield/Prime, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2010/EES/51/08
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur
í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Castres (Mazamet) – Rodez (Marcillac) – Lyon (Saint-Exupéry)
Samningstími	1.6.2011 – 31.5.2015
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	– Umsóknarfrestur (1. áfangi): 8.11.2010 (kl.12.00 að staðartíma) – Frestur til að skila tilboðum (2. áfangi): 17.12.2010 (kl.12.00 að staðartíma)
Póstfang sem senda má til beiðni um texta útboðsauglýsingarinnar og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar	Chambre de commerce et d'industrie de Castres-Mazamet 40 allées Alphonse Juin BP 30217 81101 Castres Cedex FRANCE Mme Chambert Sími: +33 563514614 Bréfasími: +33 563514699 Netfang: f.chambert@castres-mazamet.cci.fr

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2010/EES/51/09
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur
í bandalaginu**

Almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Portúgal
Flugleið	Funchal – Porto Santo – Funchal
Gildistökudagur almannajónustukvaða	Frá 1. janúar 2011
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Instituto Nacional de Aviação Civil, I.P. Rua B, Edifícios 4, 5 e 6 – Aeroporto de Lisboa 1749-034 Lisboa PORTUGAL Sími: +351 218423500 – Innanhússími: 1504 Bréfasími: +351 218423582 Vefsetur: http://www.vortalGOV.pt Netfang: concurso.osp@inac.pt

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2010/EES/51/10
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur
í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Portúgal
Flugleið	Funchal – Porto Santo – Funchal
Samningstími	Frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2013
Frestur til að skila tilboðum	62 dagar frá því að auglýsing þessi birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (birtingardagur 16.9.2010)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Instituto Nacional de Aviação Civil, I.P. Rua B, Edifícios 4, 5 e 6 – Aeroporto de Lisboa 1749-034 Lisboa</p> <p>PORTUGAL</p> <p>Sími: +351 218423500 – Innanhússími: 1504 Bréfasími: +351 218423582 Vefsetur: http://www.vortalGOV.pt Netfang: concurso.osp@inac.pt</p>

Auglýst eftir tillögum – EACEA/20/2010**2010/EES/51/11****MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf****Stuðningur við útsendingar á evrópskum hljóð- og myndverkum í sjónvarpi**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Meðal markmiða áætlunarinnar er að stuðla að útsendingum í mismunandi löndum á evrópskum hljóð- og myndverkum sem verða til á vegum sjálfstæðra framleiðslufyrirtækja með því að ýta undir samvinnu útvarpsrekenda annars vegar og sjálfstæðra framleiðenda og dreifenda hins vegar.

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum, einkum sjálfstæðra framleiðenda sjónvarpsefnis.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EES-ríkjanna, Sviss eða Króatíu.

Hljóð- og myndverkið, sem tillagan varðar, verður að vera sjálfstætt evrópskt framleiðsluverkefni fyrir sjónvarp (leikin mynd, teikni- eða brúðumynd eða skapandi heimildamynd) með þátttöku eigi færri en þriggja sjónvarpsfyrirtækja frá fleiri en einu ríki meðal aðildarríkja Evrópusambandsins og annarra landa sem eiga aðild að áætluninni MEDIA 2007.

Gefin verða allt að 100 stig og þau atriði sem tekið verður tillit til eru tilgreind í auglýsingu sem birtist í [Stjttö. ESB C 248, 15.9.2010](#), bls. 3.

Fjárveiting nemur alls 10,4 milljónum evra.

Fjárframlög eru veitt sem styrkir. Ekki verða veittir hærri styrkir en sem nemur 500 000 evra fyrir hvert verkefni í flokki leikinna mynda og teikni- og brúðumynda og 300 000 fyrir hvert verkefni í flokki heimildamynda. Engir styrkir verða veittir umfram 12,5% framleiðslukostnaðar samkvæmt áætlun framleiðanda vegna leikinna mynda og teikni- og brúðumynda og 20% vegna heimildarmynda.

Umsóknir verða að berast á neðangreint pósthfang framkvæmdastofnunar áætlunarinnar (EACEA) og eru umsóknarfrestir 15. nóvember 2010, 28. febrúar 2011 og 20. júní 2011:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency (EACEA) – MEDIA
Constantin Daskalakis
BOUR 3/30
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberum umsóknareyðublöðum með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess, og þeim fylgi allar þær upplýsingar og öll þau fylgiskjöl sem tilgreind eru í heildartexta auglýsingarinnar.

Umsóknir, sem sendar eru með símbréfi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur ásamt umsóknareyðublöðum á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/culture/media/programme/producer/tv/detail/index_en.htmApplication